

## Námsáætlun

Danska – Veturinn 2022 - 2023

9. bekkur – 2 klukkustundir á viku

Kennarar: Hildur Ásgeirsdóttir og Hrafnhildur Júlía Guðjónsdóttir

## Almennt / Verklag

Nemendur eru í greininni 2 klukkustundir á viku. Breytingar geta orðið á áætluninni.

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarlausni. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfja þá hæfni.

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Í kennslustundum er unnið með lesbók og vinnubók sem tengist textanum. Auk þess lesa nemendur texta af ýmsum toga. Nemendur eru þjálfðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lesbók.

Nemendur kynnast dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda, sjónvarpsþátta og tónlistar.

## Námsefni og námsmat

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Ágúst 2022 til maí 2023	Lesskilningur	SMIL, les- og vinnubók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen	Lesskilningskönnun
	Málfræði og ritun	Fjölfölduð verkefni í málfræði	Ritunarverkefni
	Frásögn, samskipti, samvinna	Þema- og hópverkefni Munnlegar æfingar	Mat á þema- og hópverkefnum
	Hlustun og menningarlausni	Hlustunaræfingar Danskar kvikmyndir, þættir og tónlist	Mat á verkefnum nemenda
	Önnur/Ýmis viðfangsefni	Námsspil og ýmsir leikir Viðbótarefni frá kennara Verkefni, kannanir, ástundun og lykilhæfni	Mat á verkefnum og vinnubrögðum nemenda

## Birt með fyrirvara um breytingar

### Lykilhæfni

Lykilhæfni snertir allt almennt nám og allar námsgreinar þar á meðal námsmat í dönsku. Þannig geta t.d. vönduð vinnubrögð, góð samvinna í hópastarfi og frumkvæði haft áhrif á námsmat nemenda. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni skiptast í fimm flokka:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi